

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 18. nóvember 2008, kl 12:05.

Mætt: Sigurhanna Friðþórsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Hjalti Pálsson, Magnús Sigurðsson, Þorsteinn Finnbogason, Helga Björk Ólafsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.

Elliði Vignisson boðaði forföll á síðustu stundu.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

1. Skólastarfið hefur gengið vel frá síðasta fundi. Nýr námsvísir kom út í byrjun nóvember og valdagur fyrir vorönn 2009, er 18. nóv. Kennslu lýkur 4. desember og próf verða haldin 5. – 17. desember. Annarslit og útskrift verða svo laugardaginn 20. desember.

Kennsla í köfun hófst 14. nóvember og verður henni að mestu lokið í nóvember, köfun í sjó bíður þó vorsins. Fundir hafa verið haldnir til að meta stöðu þeirra nemenda er verst standa. Sérstök íþróttavakning í framhaldsskólum landsins fór af stað 12. nóv, í tilefni þess gengu nemendur og kennarar einn hring um Helgafell. Skólameistari sótti fund samstarfsnefndar framhaldsskólustigsins, sem menntamálaráðherra boðaði til á Selfossi 6.-7. nóvember. Aðalefni fundarins var innleiðing nýrra laga og var fyrsta reglugerðin (af 22) lögð fram til kynningar, reglugerð um innritun. Einnig var fjallað um gæðamál, skólasamninga, forvarnir og fjárveitingar, en búast má við einhverjum niðurskurði frá áður kynntu fjárlagafrumvarpi. Mánudaginn 17. nóvember kom menntamálaráðherra ásamt fygdarliði í heimsókn til Eyja og byrjaði á að heimsækja skólann og fleiri stofnanir. Eftir hádegi funduðu fulltrúar ráðuneytisins með stjórnendum skólans um framlengingu skólasamnings, stöðu fjármála og framtíðarhorfur. Síðdegis héldu ráðherra og ráðuneytismenn, ásamt sveitastjórnarfólki, svo tvo fundi í sal skólans. Voru þeir vel sóttir og fundarmenn nokkuð ánægðir.

2. Ráðning námsráðgjafa. Sex umsóknir bárust, þar af 3 frá menntuðum náms og starfsráðgjöfum. Lagt var fram yfirlit um umsækjendur, menntun þeirra og reynslu. Skólameistari hafði rætt sérstaklega við þá er höfðu tilskylda menntun og í ljósi reynslu, annarar menntunar og annarra réttinda lagði hann til að Sólrún Bergþórsdóttir, Stóragerði 1a, yrði ráðin í starfið. Það var samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsleg staða skólans. Lagt var fram yfirlit fjárhags samkvæmt bókhaldi í lok október. Rekstur stefnir í nokkurn halla, en endanleg útkoma ársins fer mest eftir því hvað við fáum greitt fyrir marga ársnema í uppgjöri ársins. Vonir standa til að við förum nokkurn veginn slétt út úr árinu, því óvenjumargir nemendur hafa verið á haustönninni. Uppsafnaður rekstrarafgangur er nú 24 milljónir. Fram kom á fundi með ráðuneytismönnum að rekstraráætlanir skólans standast vel, betur en hjá flestum öðrum skólum.

4. Önnur mál. Spurt var um íþróttanáms og fyrirhugaða heimsókn á Selfoss í því sambandi. Ákveðið var að drífa þá heimsókn af í upphafi nýs árs og taka upp viðræður við ÍBV um málið.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl 13:20

Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Ólafur H. Sigurjónsson